

Starfsáætlun 2019-2020



Ungbarnaleikskólinn Ársól
Heilsuleikskóli

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat.....	4
2.1 Innra mat Ársólar 2018-2019	5
3 Ytra mat.....	9
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	9
4.1 Símenntun 2018-2019.....	10
4.2 Símenntunaráætlun 2019-2020	11
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundarmiðstöðva	12
6 Foreldrasamvinna.....	12
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	14
8 Fylgigögn.....	15
8.1 Sérkennsla/stuðningur	16
8.2 Umbótaáætlun 2019-2020	17
8.3 Skóladagatal 2019-2020	22
8.4 Umsögn Foreldraráðs.....	23

Leiðarljós leikskólans:

Heilbrigð sál í hraustum líkama þar sem **samvinna** starfsfólks einkennist af **jákvæðni, gleði, kærleika og trausti**.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Í Ársól er mikið lagt upp úr metnaðarfullu og skemmtilegu vinnuumhverfi og gaman þegar vel menntað og reynslumikið fólk velur að starfa í skólanum. Haustið 2018 vorum við svo heppin að fá bæði leikskólakennara til starfa og einnig starfsmann með langa starfsreynslu í leikskóla og sem dagforeldri. Með þessum mikla mannauði verður starfið enn faglegra og auðveldara að ná þeim markmiðum sem við setjum okkur hverju sinni.

Eins og undanfarin ár veljum við símenntunina út frá umbótaáætlun hvers skólaárs. Á hverju hausti er skólastjóri með fyrirlestur um jákvæða starfshætti, samskipti og uppeldisaðferðir sem styðjast við uppeldisaðferðina „Uppeldi sem virkar – Færni til framtíðar“. Á skipulagsdegi í október 2018 komu markþjálfar og voru með námskeiðið „Velliðan í lífi og starfi“ og völdu starfsmenn sameiginleg gildi sem unnið er eftir. Undirbúningur við að innleiða vináttuverkefni Barnaheilla þar sem bangsinn Blær er í aðalhlutverki hófst í janúar 2019 þegar við fengum námskeið í hús og allt starfsfólk Ársólar sat námskeiðið. Vorönnin fór svo í að undirbúa að taka efnið í notkun, meðal annars með því að sauma vasa til að geyma litlu Blæ bangsana í sem verða eign hvers barns. Tíminn flaug frá okkur og stefnt er að því að byrja á verkefninu á haustönn 2019.

Önnur símenntun var skyndihjálparnámskeið sem við sitjum á tveggja ára fresti og svo leikskólaheimsóknir á skipulagsdegi í maí.

Skólastjóri tók þátt í tveimur Erasmus+ þróunarverkefnum og er verkefnastjóri Skóla ehf. í báðum verkefnum. Annað verkefnið heitir „Early intervention through physical activity and BHRG model to promote future wellbeing of children“ en stutta útgafan er kölluð BHRG verkefnið. Tveir starfsmenn í Ársól ásamt fjórum öðrum kennurum hjá Skólum lærðu greiningaraðferð til að greina börn með skynúrvinnsluvanda. Í kjölfarið var byrjað á námskeiðinu TSMT II sem er hóppjálfun barna sem þurfa aðstoð og fer þjálfunin fram í gegnum hreyfingu. Seinna verkefnið nefnist Bio-Trio og er samstarfsverkefni Íslands, Ungverjalands, Rúmeníu og Slóvakíu og kostað af landsskrifstofu Erasmus+ í Ungverjalandi. Þátttakendur sátu námskeið og afrakstur verkefnisins var meðal annars bæklingur um snemmtæka íhlutun „Þroski barnsins: skref fyrir skref“, sjá á eftirfarand tengli <https://issuu.com/zitamajor>


Áætlað er að áframhald af Bio-Trio verkefninu byrji sumarið 2020.

2 Innra mat

Tilgangur með innra mati er að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Innra mati er einnig ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og er liður í þróun á starfsháttum hans (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Samkvæmt reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald er hverjum leikskóla gert að leggja mat á árangur og gæði skólastarfsins með innra mati og eru markmið þess að:

- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla
- tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum
- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra
- auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum

Mat gefur upplýsingar um hverju þarf að breyta eða hvað þarf að bæta til að ná þeim markmiðum sem leikskólinn hefur sett sér í stefnu skólans. Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaáætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeiningar um innra mat leikskóla, bls. 8.

2.1 Innra mat Ársólar 2018-2019

Það sem var lögð áhersla á í umbótaáætlun 2018-2019 var eftirfarandi:

- Í kaflanum um **stjórnun** var lögð áhersla á að efla stjórnunarteymi skólans, það er skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar. Það er mikilvægt að allt starfsfólkið þekki innra starfið og stefnu skólans en þar þarf að gera betur því niðurstöður úr starfsmannakönnuninni sýndi að eitthvað af starfsfólkinu þekkir ekki stefnu skólans nægilega vel.
- Í **uppeldis- og menntastarfi** var haldið áfram að skoða skipulag námsaðstæðna, t.d. með sjónrænu dagsskipulagi og að merkja leikfangakassa svo að börnin geti séð hvað eigi að vera í þeim. Endurmatið sýndi að þetta hafði ekki tekist nógu vel og verður sú vinna haldin áfram á þessu skólaári. Einnig náðum við ekki að vinna með viss þroskatímabil yfir árið eins og við áætluðum og munum við setja þá vinnu af stað strax á haustönn 2019.
- Þegar kom að **mannauði** voru niðurstöður úr starfsmannakönnun Skólapúlsins skoðaðar. Þar kom Ársól vel út og er yfir meðaltali í flestum þáttum í samanburði við aðra leikskóla af svipaðri stærð. Mjög mikil starfsánægja er í Ársól en við þurfum að vanda okkur vel þegar við tökum á móti nýju starfsfólki, að það fái tíma til að lesa áætlanir og fræðast um innra starfið.
- Í kaflanum um **leikskólabrag** skoðuðum við niðurstöður úr foreldrakönnuninni sem sýndi að foreldrar eru ánægðir með starfið, þekkja vel til stefnu skólans og eru ánægð með upplýsingaflæðið. Það má því segja að við höfum náð þeim markmiðum sem við settum okkur, að a.m.k. 80% foreldra séu ánægðir með þessa þætti sem eru taldir hér á undan.
- Varðandi **innra matið** þá gerði hver deild áætlun um þá umbótaþætti sem þau vildu vinna að á skólaárinu 2019-2020 og kemur fram hér á eftir. Heildarumbótaáætlun fyrir skólann er í fylgiskjali 8.2.

Umbótaþættir SJÓNARHÓLL	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Listsköpun og þátttaka barna	Regnboga listaverk	Börnin gera listaverk í regnbogalitunum	Október - apríl	Starfsmenn deildar	Safna listaverkum, kenna litina og mismunandi listform	Kanna hvort að börnin kunni litina og athuga hvernig fínhyfingarnar eru í listsköpun
Vellíðan barna	Starfendarrannsókn á aðlögun og þátta sem bæta vellíðan barna	Skoða hvað er gert í aðlögun, hvort að það þurfi að breyta e-u í eigin fari, umhverfi eða skipulagi deildar. Nýta samstarfsfólk og foreldra til að rýna í þá þætti sem bæta vellíðan barna.	September til desember 2019	Starfsmenn deildar	Skráning og deildarfundir	Þegar börnin eru orðin örugg, skýr merki um vellíðan og þau taka frumkvæði í sjálfshjálp o.s.frv.
Innleiðing á vináttu verkefni Blær	Innleiða og byrja að vinna með Blæ	Að starfsfólk deildarinnar kynni sér og byrji að vinna með Blæ.	Er alltaf í gangi	Deildarstjóri ber ábyrgð að allir fái tækifæri að að kynna sér efnið.	Endurmat verður gert á vorönn 2020	Að verkefnið sé komið upp, bangsar sýnilegir
Halda deildarfund 1x í mánuði	Taka stöðuna á deildinni og fá að heyra hugmyndir og annað frá starfsfólki	Hafa fasta daga fyrir fundi, t.d. fyrsta mánudag í mánuði	Skólaárið 2019-2020	Deildarstjóri	Endurmat gert í lok skólaárs um hvernig gekk	Að fundargerð sé gerð eftir hvern fund

Umbótaþættir SÓLHEIMAR	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Halda deildarfund 1x í mánuði	Taka stöðuna á deildinni og fá að heyra hugmyndir og annað frá starfsfólki	Hafa fasta daga fyrir fundi, t.d. fyrsta mánudag í mánuði	Skólaárið 2019-2020	Deildarstjóri	Endurmat gert í lok skólaárs um hvernig gekk	Að fundargerð sé gerð eftir hvern fund
Innleiðing á vináttu verkefni Blær	Innleiða og byrja að vinna með Blæ	Að starfsfólk deildarinnar kynni sér og byrji að vinna með Blæ.	Er alltaf í gangi	Deildarstjóri ber ábyrgð að allir fái tækifæri að að kynna sér efnið.	Endurmat verður gert á vorönn 2020	Að verkefnið sé komið upp, bangsar sýnilegir.
Markvissar málörvunar stundir	Að öll börn fái markvissa málörvunar- stund 1x-2x í viku.	Stuttar stundir með 4-5 börnum	Alltaf í gangi	Allir á deildinni bera ábyrgð á að fara í þessar stundir.	Vorönn 2020	Skráning á því hvað fer fram í hverri stund.

Umbótaþættir SUNNUKOT	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Innleiðing á vináttu verkefni Blær	Innleiða og byrja að vinna með Blæ	Að starfsfólk deildarinnar kynni sér og byrji að vinna með Blæ.	Er alltaf í gangi	Deildarstjóri ber ábyrgð að allir fái tækifæri að að kynna sér efnið.	Endurmat verður gert á vorönn 2020	Að verkefnið sé komið upp, bangsar sýnilegir
Að leikfangakassar séu merktir	Að börnin sjái hvaða leikföng eru í hverjum kassa	Hafa myndir af leikföngum sem eiga að vera í hverjum kassa	Skólaárið Vinna hefst á haustönn	Deildarstjóri	Á gátlista sé merkt við að leikfanga- kassar séu orðnir vel merktir á vorönn	Að leikfanga- kassar séu merktir
Halda deildarfund 1x í mánuði	Taka stöðuna á deildinni og fá að heyra hugmyndir og annað frá starfsfólki	Hafa fasta daga fyrir fundi, t.d. fyrsta mánudag í mánuði	Skólaárið 2019-2020	Deildarstjóri	Endurmat gert í lok skólaárs um hvernig gekk	Að fundargerð sé gerð eftir hvern fund
Myndrænt dagsskipulag	Auka öryggi barnanna með myndrænu dagsskipulagi	Taka í notkun Boardmaker	Nóvember 2019	Deildarstjóri og Justina	Endurmat á vorönn 2020	Að myndrænt dagsskipulag sé komið í notkun
Skerpa á TMT	Auka notkun á TMT í daglegu starfi með börnunum	Kenna 1 nýtt tákn í viku	Skólaárið 2019-2020	Allt starfsfólk	Endurmat á vorönn 2020	Að börnin kunni helstu táknin til að tjá þarfir sínar

Heilsueflandi teymi Ársólar fór yfir fimm gátlista inn á vef Heilsueflandi leikskóla hjá Embætti Landlæknis. **Hreyfing og mataræði** er skoðað árlega þar sem þeir þættir tengjast Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur sem unnið er eftir í Ársól. Aðrir gátlistar voru **geðrækt, öryggi og nærsamfélag**. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Í **hreyfingu** erum við enn í 90% viðmiðum og í **mataræði** í 87% sem er bæði mjög ásættanlegt en sumu náum við ekki vegna ungs aldurs barnanna.
- Í **geðræktinni** náðum við 82% viðmiðum sem er aukning um 4% frá því fyrra. Starfsfólkið valdi sér sameiginlegar samskiptareglur og er það markmið sem var sett fyrir sl. skólaár.
- Gátlistinn er varðar **öryggi** var skoðaður í fyrsta skipti á vorönn 2019. Þar þarf að skerpa á ýmsum atriðum svo sem viðbragðsáætlunum, öryggisferlum o.fl.
- Kaflinn um **nærsamfélag** er mjög stuttur og kemur vel út en starfsfólk Ársólar reynir að nýta sér aðstöðu í nærumhverfi skólans til hreyfingar. Leikskólastjóri situr í forvarnateymi Grafarvogs og er þá í tengslum við lykilaðila í nærsamfélaginu þegar kemur að heilsueflingu og forvarnarskyni. Mikil samvinna er við Samtök Heilsuleikskóla og aðstoðarskólastjóri Ársólar situr í stjórn þeirra samtaka.

Þegar kom að því að meta Grænfánaverkefnið voru sett ný markmið til að vinna að á skólaárinu 2019-2020. Einnig var gerður Grænfánaveggur í skólanum og stefnt er að því að Grænfánateymið fundi oft.

3 Ytra mat

Ekkert ytra mat fór fram í Ársól á síðasta skólaári.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Í verklagi sem Skólar ehf. hafa sett sér er gert ráð fyrir að deildarstjórar taki starfsþróunarsamtöl annað árið og skólastjóri hitt árið. Á skólaárinu 2018-2019 tók skólastjóri öll viðtöl og fóru þau fram á tímabilinu janúar-mars 2019. Á skólaárinu 2019-2020 munu deildarstjórar taka samtöl við starfsfólk sinnar deildar og skólastjórnendur taka samtöl við starfsfólk utan deilda, auk deildarstjóra.

4.1 Símenntun 2018-2019

Starfshópar	Námskeið - kennari	Markmið	Tími
Deildarstjórar	Námskeið fyrir millistjórnendur á vegum MSS	Styrkja deildarstjóra í stjórnunarhlutverkinu	2018
Nýtt starfsfólk	Jákvæðir starfshættir og samskipti í Ársól-Berglind	Fá fræðslu um hvernig starfshættir eru í leikskólanum og ábyrgð þeirra í starfi	Ágúst 2018
Allir	Sameiginlegar uppeldisreglur-Berglind	Að allt starfsfólk beiti sömu aðferð í uppeldi/agamálum	Ágúst 2018
Allir	Ráðstefna Samtaka Heilsuleikskóla	Að hlusta á erindi er varðar nýjustu rannsóknir á sviði heilsueflingar og vellíðan.	Október 2018
Allir	Vellíðan í lífi og starfi Markþjálfarar	Hvernig starfsfólk getur sett sér gildi og markmið í lífi og starfi	Október 2018
Berglind G.	Erasmus+ alþjóðlegt samstarfsverkefni	Námskeið í samskiptum og að útbúa bækling um snemmtæka íhlutun	Allt skólaárið
Allir	Blær – Vináttuverkefni Barnaheilla	Að innleiða bangsann Blæ í Ársól	Janúar 2019
Allir	Skyndihjálp Guðmundur Ingi Rúnarsson	Að starfsfólk þekki skyndihjálp og geti brugðist við í neyð.	Vorönn 2019
Allir	Leikskólaheimsóknir	Að sjá starfsemi annarra leikskóla	Vorönn 2019
Berglind Steinarsd.	Ráðstefna á vegum GRR	Fræðast um nýjar áherslur í snemmtækri íhlutun	Vorönn 2019

4.2 Símenntunaráætlun 2019-2020

Starfshópar	Námskeið - kennari	Markmið	Tími	Greiðandi	Ábyrgð
Allir	Jákvæðir starfshættir og samskipti í Ársól-Berglind	Fá fræðslu um hvernig starfshættir eru í leikskólanum og ábyrgð þeirra í starfi	Ágúst 2019	Innifalið í launum skólastjóra	Berglind
Allir	Sameiginlegar uppeldisreglur- Berglind	Að allt starfsfólk beiti sömu aðferð í uppeldi/agamálum	Ágúst 2019	Innifalið í launum skólastjóra	Berglind
Leiksk.-og aðst.leik-skólastjóri	Ráðstefna: Áskorunin: Minni vinna – bætt heilsa – aukinn árangur	Að beina sjónum að áhrifum langs vinnutíma á heilsufar og kynnast hvaða aðferðum er hægt að beita við innleiðingu á styttingu vinnutímans	September 2019	Skólar ehf.	Berglind
Allir	Bragðlaukapjálfun barna	Fræða starfsfólk um hvernig hægt sé að kynna börnum nýjar bragðtegundir	September 2019	Skólar ehf.	Skólar ehf.
Allir	Jákvæð samskipti Pálmar Ragnarsson	Fyrirlestur um jákvæð samskipti á vinnustað	September 2019	Skólar ehf.	Skólar ehf.
Linda J.	Lærdómssamfélag um mál og læsi í leikskólum	Að eiga samræður, miðla þekkingu og deila með öðrum	Sept-okt 2019	Á vegum MML	MML
Allir	Tónlistarkennsla	Fræðsla um tónlist með ungum börnum	Nóvember 2019	Skólar ehf.	Berglind
Allir	TMT (Tákn með tali)	Að starfsfólk eflist í notkun TMT með börnum í starfinu	Vorönn 2020	Skólar ehf.	Berglind
Leikskóla kennara-nemar	Leikskólakennaranám HÍ	Að verða leikskólakennari	Allt skólaárið	Skólar ehf. og nemar	Nemar og stjórnendur
Skóla-stjóri	BHRG verkefnið	Þjálfun barna með skynúrvinnsluvanda í gegnum hreyfingu	Allt skólaárið	Erasmus+ styrkur	Berglind

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundarmiðstöðva

Þar sem Ársól er ungbarnaleikskóli fara börnin ekki yfir á næsta skólastig þegar þau hætta hjá okkur. Þau fara þó yfir í umhverfi sem er meira krefjandi og börnin þurfa því að vera vel undirbúin fyrir það. Okkar hlutverk er að undirbúa þau sem best fyrir þetta næsta skref og það gerum við með því að veita þeim sem flest tækifæri til þess að þroskast og dafna í öruggu umhverfi. Við förum í vettvangsferðir um hverfið, höfum skipulagðar hreyfistundir, kennum þeim að borða sjálf með áhöldum, að drekka úr opnu glasi, að leggja sig inni með öðrum börnum, að leika sér og eiga í samskiptum við aðra og ýmislegt fleira. Allt þetta er góður og mikilvægur undirbúningur fyrir framtíðina.

6 Foreldrasamvinna

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna.

Þegar barnið fær leikskólavist í Ársól er foreldrum boðið á kynningarfund hjá skólastjórnendum sem kynna stefnu skólans, foreldrar undirrita dvalarsamning og skoða deildina sem barnið mun vera á. Samstarf milli heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum, meðal annars með heimsóknum heim til barnanna. Á þeim tíma er grunnur lagður að foreldrasamstarfi ásamt þátttökuaðlögun þar sem jákvæð og opin samskipti eru höfð að leiðarljósi. Í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla.

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir í október ár hvert ásamt kynningarfundum fyrir nýja foreldra á vorönn. Á haustfundinum eru gefnar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið, sagt frá áherslunum fyrir komandi skólaár og þróunarverkefnum sem eru í gangi hverju sinni. Einnig er kosið í foreldraráðið og fulltrúa foreldra í Grænfánateymið en það þarf nýja fulltrúa á hverju ári vegna þess að börnin eru oftast bara í Ársól í einn vetur.

Foreldrasamtöl

Deildarstjórar og/eða hópstjóri eiga formlegt samtal við forelda einu sinni á ári á vorönn þar sem foreldrar eru upplýstir um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum. Samtalið er byggt á upplýsingum um barnið, athugunum á færni og þroska í leik og starfi og Heilsubók barnsins. Í foreldraviðtölum

gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Þessi samtöl hafa hingað til verið tvisvar sinnum á ári en reynsla okkar undanfarin ár sýnir að foreldrar eru ekki alltaf í þörf fyrir viðtal stuttu eftir að barnið þeirra byrjar í leikskólanum. Á haustönn er það val fyrir foreldra hvort þau vilji viðtal eða ekki en meirihluti foreldra kýs að koma í viðtal. Frá skólaárinu 2019-2020 verður miðað við að skrá í Heilsubók barnsins við 18 og 24 mánaða aldur og þá eru foreldraviðtölin fljótlega eftir skráninguna hverju sinni frekar en að öll viðtölin fari fram í mars á hverju ári. Með þessu nýja fyrirkomulagi gefst betra tækifæri til að bera saman þroskaframvindu barnanna með 6 mánaða millibili.

Foreldrar eiga þess utan alltaf kost á því að fá viðtalstíma við kennara ef þeir hafa þörf fyrir að ræða málin auk þess sem að við leggjum mikla áherslu á dagleg samskipti og gott upplýsingaflæði á milli heimilis og skóla.

Foreldrafélag og foreldraráð

Foreldraráð leikskólans hefur verið sambland af ráði og foreldrafélagi vegna smæðar skólans og er nýtt ráð kosið árlega á haustfundi með foreldrum. Markmið foreldraráðsins er að tryggja hagsmuni og velferð barnanna ásamt innra starfi leikskólans. Einnig hefur foreldraráðið komið að skipulagningu sumarhátíðar leikskólans sem er haldin árlega en mánaðarlegt foreldrafélagsgjald stendur undir kostnaði við hátíðina. Sumarhátíð Ársólar 2019 var haldin 29. maí þar sem Leikhópurinn Lotta kom í heimsókn ásamt því að boðið var upp á andlitsmálningu, hoppukastala og heilsusamlegar veitingar, meðal annars ávaxtaís.

Að auki gaf foreldrafélagið leikskólanum leikföng fyrir hlutverkaleik og hljóðfæri.

Samskipti við erlenda foreldra

Eins og við alla foreldra er lögð áhersla á góð og uppbyggileg samskipti við foreldra sem eiga annað móðurmál en íslensku. Þegar farið er í heimsókn áður en barnið byrjar í Ársól er fyllt út sérstakt eyðublað þar sem meðal annars er spurt um hvaða tungumál eru töluð á heimilinu, við barnið, foreldrar sín á milli o.þ.h. Með þessu er hægt að kortleggja í hvaða aðstæðum barnið sé, hvort það heyri íslensku talaða heima o.þ.h. Einnig er kannað hvort foreldrar vilji túlk í foreldraviðtölum. Að auki reynum við að undirbúa foreldrana vel undir aðlögunina, meðal annars með skriflegum upplýsingum með áætlun fyrir aðlögun (einnig til á ensku) og einnig blað varðandi hagnýtar upplýsingar (að koma og fara, veikindi og fjarvistir, merkja fatnað o.þ.h.). Aðlögun getur reynst foreldrum erfið, sérstaklega þeim sem hafa ekki reynslu af íslenska leikskólakerfinu og þess vegna þarf að sýna þessum hópi sérstaka athygli og skilning. Í heimsóknunum hafa foreldrar tækifæri til að

spyrja og fá upplýsingar á sínu heimili án truflunar frá utanaðkomandi aðila og eru því vonandi betur í stakk búin að takast á við að skilja börnin eftir í fyrsta skipti í lok fæðingarorlofs.

Fyrir þau börn sem eiga báða foreldra af erlendu bergi og hafa lítið heyrt íslenskuna er reynt að nota Tákni með tali markvisst og að tala mikið við börnin, eins og er gert við öll börnin í Ársól.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar á skólaárinu 2019-2020 eru eftirfarandi:

21. ágúst 2019: Hálfur skipulagsdagur eftir hádegi

18. september 2019: Heill skipulagsdagur

1. nóvember 2019: Heill skipulagsdagur

27. desember 2019: Heill skipulagsdagur

7. febrúar 2020: Hálfur skipulagsdagur eftir hádegi

13. mars 2020: Heill skipulagsdagur

25. maí 2020: Heill skipulagsdagur

8 Fylgigögn

- 8.1 Sérkennsla/stuðningur
- 8.2 Umbótaáætlun 2019-2020
- 8.3 Skóladagatal 2019-2020
- 8.4 Umsögn Foreldraráðs

8.1 Sérkennsla/stuðningur

Engin sérkennsla var í Ársól síðastliðið skólaár. Samstarf var við þjónustumiðstöðina í Miðgarði varðandi að vísa tveimur börnum áfram í frekari athugun. Þau börn sem voru á eftir í hreyfiþroska fengu auka hreyfitíma í salnum hjá fagstjóra hreyfingar.

Á skólaárinu 2018-2019 voru tvö börn með annað móðurmál en íslensku (pólska og víetnamska) og þrjú börn þar sem annað foreldri var með annað móðurmál en íslensku. Þau tungumál sem voru töluð á þessum heimilum eru enska, franska og þýska.

Í Ársól er til **áætlun um málörvun** í leikskólanum. Börnin í Ársól eru að fara í gegnum sitt fyrsta máltökuskeið og því er lögð er áhersla á að nota Tákn með tali í daglegu starfi og að tala mikið við börnin með áherslu á hugtakanotkun.

Áætlun um snemmtæka íhlutun í Ársól gengur út á að örva börnin meðal annars í gegnum skipulagðar hreyfistundir í sal þar sem lögð er áhersla á krossskrið, jafnvægi og samhæfingu.

Einstaklingsnámskrá Ársólar er *Heilsubók barnsins* sem gefin er út af Samtökum Heilsuleikskóla og í bókina eru ýmsir þroskaþættir skráðir, t.d. hreyfiþroski, félagsfærni og svefn.

Mikil ráðgjöf er til foreldra, bæði þegar börnin hefja leikskólanámið, á foreldrafundum og í gegnum skólaárið í samskiptum við fagfólk skólans. Einnig senda skólastjórnendur tölvupósta til foreldra með ábendingar um uppeldi barna og heilsufar, t.d. varðandi smitsjúkdóma barna.

8.2 Fylgiskjal 3 – Umbótáætlun 2019-2020

Stjórnun

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Faglegt samstarf með teymisvinnu	Stuðla að áframhaldandi faglegu starfi innan skólans og tryggja þátttöku allra	Setja niður fasta daga fyrir teymin að funda	Yfir allt skólaárið	Teymisstjórar og stjórnendur	Fundargerðir frá teymisfundum	Þegar teymin hafa náð að funda a.m.k. 3x sinnum fyrir skólaárið
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Að allir starfsmenn lesi skólanámskrá, starfsáætlun og að verklagsreglur séu samræmdar og sýnilegar	Allir starfsmenn fá undirbúning til að lesa. Deildarstjórar hafi reglurnar sýnilegar á deildum	Er stöðugt í gangi	Stjórnendur	Gátlisti hjá lesefni starfsfólks, starfsmannakönnun	Að starfsmannakönnun sýni að allir þekkja þessar áætlanir og verklagsreglur

Uppeldis- og menntastarf

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Skipulag náms og námsaðstæður	Merkja leikfangakassa/ sjónrænt dagskipulag	Setja myndir af innihaldi leikfanga á kassana/ myndir af daglegum athöfnum	Ágúst 2019- maí 2020	Deildarstjórar	Gátlisti	Gátlisti sýnir að leikfangakassar eru merktir/sjónrænt dagskipulag komið í notkun
Uppeldi, menntun og starfshættir	Búa til tímabil þar sem vissir þroskættir eru teknir fyrir	Að skipta áherslum niður á mánuði og vinna sérstaklega með þessa þætti	Október 2019- apríl 2020	Stjórnendur bera ábyrgð og hópstjórar framkvæma	Starfstengdar skráningar og í heilsubók barnsins	Að fagfólk sjái markvissari vinnu fara fram í hópastarfi- starfsmannakönnun
Mat á námi og velferð barna	Að skráningar séu markvissar	Myndefni, hópstjórar skrá niður hópastarf og þroskættir eru skráðir í Heilsubókina.	Allt skólaárið	Deildarstjórar og hópstjórar	Starfstengdar skráningar og Heilsubók barnsins	Þegar skráningar eru orðnar venjubundnar og sýnilegar í starfinu með börnunum

Mannauður

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Fagmennska starfsfólks	Fagleg vinnubrögð í öllu starfi skólans	Faglegar umræður, að allir fái undirbúning, lestur um fagleg málefni o.fl.	Allt skólaárið	Allir bera ábyrgð	Starfsmannkönnun	Að starfsmannakönnun sýni að starfsmenn þekki vel stefnu skólans o.þ.h.

Innra mat

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Framkvæmd innra mats	Að hver deild ákveði umbótaþætti sem þau vilja vinna með á skólaárinu	Að hver deild geri sína umbótaáætlun og vinni eftir henni	Haustönn 2019 og endurmat fer fram í maí 2020	Deildarstjórar	Gátlisti út frá umbótaáætlun	Að a.m.k. 80% árangur hefur náðst í þeim viðmiðum sem deildin setti sér

Grænfáninn

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Vinna að úttekt	Að Ársól fái Grænfánann í þriðja sinn árið 2020	Vinna að þeim markmiðum sem við setjum okkur, lífbreytileiki og vatn og orka	Skólaárið 2019-2020	Grænfánateymi	Gátlisti út frá umbótaáætlun	Að allir séu að vinna að markmiðunum og að það sé sýnilegt í leikskólanum

Öryggi-Gátlisti Heilsueflandi leikskóla

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðferðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Þjálfun starfsfólks í viðbrögðum við einkennum ofbeldi, vanrækslu, kynferðisleg misnotkun o.fl.	Að starfsmenn þekki þessi einkenni og séu betur í stakk búin að bregðast við ef barn sýnir einhver einkenni	Fyrirlestrar og kynningar hjá barnavernd	Haustönn 2019 og endurmat fer fram í maí 2020	Deildarstjórar	Gátlisti Heilsueflandi leikskóla	Að ná viðmiði 5: að öllu leyti komið til framkvæmda
Bæta þjálfun starfsfólks í öryggismálum	Að allir þekki öryggisferla og viðbrögð við slysum, bruna og annarri vá	Fá sérfræðinga til að þjálfa starfsfólk á starfsmannafundi	Haust- eða vorönn	Stjórnendur ábyrgir og allir framkvæma	Gátlisti Heilsueflandi leikskóla	Að ná viðmiði 5: að öllu leyti komið til framkvæmda
Fylgjast betur með hávaðamælingu	Að starfsfólk sé meðvitað um áhrif hávaða í umhverfi barna	Fá vinnueftirlit til að gera hávaðamælingu og jafnvel „eyrað“ svo að umhverfishljóð séu sýnileg	Vorönn 2020	Skólastjórar	Gátlisti Heilsueflandi leikskóla	Að ná viðmiði 5: að öllu leyti komið til framkvæmda

Leikskóladagatal 2019 - 2020

Ungbarnaheilsuleikskólinn Ársól

AGÓST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F Skipulagsdagur	1 S Fulveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 S	1 M	1 F Verkalýðdagurinn	1 M Annar í hvítáunnu	1 M
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L Blár Dagur Einhverfra	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M Fridagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S	5 Þ Pálmasunnudagur	5 F	5 S
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F Foreldrakaffi	6 M Þrettándin	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F 1/2 skipulagsd. eftir hádegj	7 L	7 Þ	7 F Gulur dagur	7 S Þórnadagurinn	7 Þ
8 F	8 S Dagur lesis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M Bleikur dagur	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S Þróttadagur
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F Rauður dagur og jólaskemmtun	13 M	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F
18 S	18 M Skipulagsdagur	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F Dagur mannréttinda barna	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 M	21 L 1/2 skipulagsd. eftir hádegj	21 M	21 F	21 L Fjólublár dagur	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 Þ
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F Þorláksmessa	23 F	23 S	23 M	23 F	23 Þ	23 F
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 F Aftangadagur jóla	24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 S	24 F
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L Jóladagur	25 L	25 Þ	25 M	25 L	25 M	25 L
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 M	26 S	26 M	26 F	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 L	27 F	27 F	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 L		31 F		31 F	31 M	31 F	31 Þ	31 S	31 S	31 F	31 F

8.3 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Brynhildur Guðjónsdóttir
Hrafnhildur Sverrisdóttir
Ingunn Huld Sævarsdóttir
Lára Halla Sigurðardóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla.

Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Samkvæmt lögum um leikskóla þarf að fá umsögn foreldraráðs um áætlunina áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlunin er metnaðarfull, upplýsandi og gefur góða innsýn inn í starfið í Ársól. Með þessari áætlun er áhugavert fyrir okkur foreldra að fá að kynna okkur betur hvað býr að baki starfinu í leikskólanum. Í starfsáætluninni eru m.a. lagðar fram tillögur að úrbótum sem virðast raunhæfar fyrir skólaárið 2019 - 2020. Upplýsingaflæði er gott og aðlögunarferlið var vandað. Við sjáum að börnin okkar fá markvissa kennslu í Tákni með tali, þjálfun í að borða sjálf, söngstundir með hreyfisöngvum, hreyfistundir og þægilega nærveru starfsfólks, svo eitthvað sé nefnt. Símenntunaráætlunin er metnaðarfull og virðist taka á mikilvægustu málefnum í starfinu.

Það væri áhugavert fyrir foreldra að fá upplýsingar um hvaða TMT er unnið með í leikskólanum til að geta notað það heima líka. Einnig væri áhugavert að geta nálgast löggin/textana sem unnið er með í

hverjum mánuði. Það er ánægjulegt að sjá í starfsáætluninni að hugað er vel að öryggi barnanna, t.a.m. að starfsfólk muni fá þjálfun því tengdu og að vinnueftirlitið verði fengið til liðs við leikskólann á vorönn til að gera hávaðamælingar. Vonandi verður farið í þetta snemma á vorönn því ef það er eitthvað sem þarf að laga er mikilvægt fyrir viðkvæm lítil eyru (og þau stærri líka) að tekið sé á því fljótt og vel.

Starfsáætlun Ársólar fyrir árið 2019 - 2020 er greinilega ekki aðeins skýrsla sem skylt er skila, heldur endurspeglar hún vel starfið í skólanum.